

Hafnarfirði, 18. október 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Víkuna 2. – 6. nóvember höldum við áfram með **allt nám í fjarkennslu** samkvæmt stundatöflu og leiðbeiningum á INNU. **Kennsla á starfsbraut verður áfram í húsi.**

Búið er að birta **próftöflu annarinnar** á vefsíðu skólans. Athugið að hún er birt með fyrirvara um breytingar, sökum aðstæðna í samfélaginu og reglna um takmarkanir á skólahaldi. **Val fyrir vorönn 2021** hefst í næstu viku og verða leiðbeiningar þar að lútandi sendar út í lok vikunnar.

Að þessu sögðu hvetjum við ykkur til að kíkja á myndband vikunnar á síðum skólans á samfélagsmiðlunum. Þar er minnt á mikilvægt þess að hlúa vel að andlegri heilsu og vellíðan á tímum kórónuveirufaraldursins, að skapa góðar minningar með fólkinu okkar og hugsa vel um okkur sjálf.

Hafið það sem allra best í vetrarfríinu.

Klárum þetta saman – við erum Flensborg!

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400

Test